

## Rökstuðningur vegna úthlutunar styrkja

### Þróunarverkefnasjóður Flateyri 2022

Auglýst var eftir umsóknum í þróunarverkefnissjóð Flateyrar þann 7. janúar 2022, með umsóknarfrest til og með 7. febrúar 2022, en framlengt var um einn dag vegna óveðurs og snjóflóðahættu. Til úthlutunar voru 20 milljónir. Alls bárust 28 umsóknir þar sem í heildina var sótt um tæpar 45 milljónir af heildarkostnaði verkefna upp á 60 milljónir. Flestar umsóknir reyndust styrkhæfar og vísuðu til með einum eða öðrum hætti til marmiða Flateyrarverkefnisins og niðurstaðna íbúabings. Þrettán verkefni má flokka sem samfélagsverkefni og ellefu sem verkefni í atvinnu- og nýsköpun, en fjögur verkefni reyndust ekki styrkhæf vegna samkeppnisreglna og ófullnægjandi umsókna. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum í takt við markmið og áherslur verkefnisins. Mat verkefna tekur mið af íbúasamráði í tengslum við samfélagsverkefni á Flateyri og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. Umsóknir sem bárust í sjóðinn voru metnar af verkefnisstjórn byggðalagsins, sem skipuð er fulltrúum frá Ísafjarðarbæ, Vestfjarðastofu og hverfisráði Flateyrar.

Veittir voru verkefnastyrkir til 21 verkefna samtals 20 milljónir króna. Þau verkefni sem hlutu styrk í þetta sinn eru kynnt stuttlega hér að neðan. Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, eru eindregið hvattir til að senda þær aftur inn í næstu úthlutun. Einnig verða umsækjendur hvattir til að sækja um í aðra sjóði sem gætu vel fallið að þeirra verkefni og áformum.

#### **Almennt:**

Þróunarverkefnasjóður Flateyrar byggir á samskonar reglum og verklagi og unnið er með í verkefnum Brothættra byggða og getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar einstakra verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun verkefnisins og /eða ákvörðun verkefnisstjórnar.

Verkefni þurfa að styðja við framtíðarsýn og markmið í Flateyrarverkefnisins, eins og þau komu fram á íbúabingi, ásamt markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða. Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta þátttakenda.

Styrkhæf verkefni eru rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Einnig er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði. Enn fremur samfélagsefandi verkefni önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga. Um verkefni sem kostuð eru að hluta af verkefninu Brothættum byggðum gilda eftirfarandi reglur:

*Styrkir til styrkþega séu innan marka samkvæmt reglum EES um minniháttaraðstoð:*

Með vísan til reglugerðar um minniháttar aðstoð sem er hluti af EES-samningnum ber umsækjanda að upplýsa um annan opinberan stuðning á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári vegna sama verkefnis eða annarra verkefna á vegum umsækjanda, enda sé sá stuðningur veittur í samræmi við reglugerð um minniháttar aðstoð. Samkvæmt reglunum mega styrkir ekki fara upp fyrir 200.000 evrur á þremur árum. Upplýsa skal hvort slíkur stuðningur hafi verið móttækinn og þá þær fjárhæðir sem um ræðir.

Um verkefni sem kostuð eru af verkefninu Þróunarverkefnasjóður Flateyrar gilda eftirfarandi reglur:

Viðurkenndir kostnaðarliðir vegna styrkhæfra verkefna:

- ✓ Laun og launatengd gjöld

- ✓ Rekstrarvörur og efni o.fl.
- ✓ Aðkeypt þjónusta
- ✓ Ferðir og fundir
- ✓ Markaðsrannsókn/könnun
- ✓ Stofnfjárfestingu, ef fyrir liggur að verkefni raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

#### **Þróunarverkefnasjóður Flateyrar fjármagna ekki:**

- ✓ Fjárfestingu í hráefnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- ✓ Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu. Undantekning frá þessum lið er stofnfjárfesting í búnaði og aðstöðu að uppfylltum sérstökum skilyrðum um að verkefni raski ekki samkeppni (sjá nánar heildarreglur)
- ✓ Markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.

Verkefnisstjórn samfélagsverkefnis á Flateyri samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur til vegna verkefnis áður en umsókn er lögð inn hjá verkefnisstjórn, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.

Sjá reglurnar í heild sinni á slóð: <https://www.vestfiridir.is/static/files/Flateyri/verklag-um-umsyslu-fjarmuna-throunarsjods-flateyrar-2020.pdf>

#### **Rökstuðningur með styrkveitingum vegna umsókn**

##### **ÞS-Flat.2022 – 1 - Leiksýning í fullri lengd - Leikfélag Flateyrar**

Markmið verkefnisins er að setja upp glæsilega leiksýningu í fullri lengd haustið 2022. Verkefnið verður að mestu unnið í sjálfboðavinnu af þróttmiklum Flateyringum sem hafa það að markmiði að efla samfélagið og skemmta íbúum Flateyrar og nærliggjandi byggða. Haldnar verða á bilinu 4-6 sýningar og val á leikriti mun fara fram bráðlega, þar sem til greina kemur að setja upp annað hvort gamanleikrit eða sakamálaleikrit.

*Vel útfærð umsókn og trúverðug kostnaðaráætlun. Gott menningarverkefni, sem Verkefnastjórn telur hafa góða möguleika á framgangi og falla vel að markmiðum og reglum sjóðsins.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

##### **ÞS-Flat.2022 - 3 - Nostalgía- endurgerð gluggamynda - Kristbjörg Sunna Reynisdóttir**

Sótt er um styrk til að endurgera gluggamyndir (jólamyndir) sem prýddu glugga grunnskólans á árum áður. Markmiðið er að ná að eiga mynd í alla glugga framhliðar skólans, alls 20 myndir. Árangur verður sjáanlegur í gluggum skólans strax í desember á þessu ári og bætist svo jafnt og þétt við uns allir gluggar á framhlið fyllast.

*Umsókn er ágæt og kostnaðaráætlun nokkuð trúverðug. Verkefnið mun lífga upp á útlit skólans og þar með ásýnd bæjarins. Verkefnisstjórn telur verkefnið falla að markmiðum og reglum sjóðsins.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 100.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 - 4 - Cerro de Plata: A branding and marketing consultancy based in Flateyri - Leiry Seron**

Verkefnið felst í að setja upp vefsíðu fyrir vörumerkja (branding) fyrirtækið Cerro de Plata sem staðsett er á Flateyri. Í nútíma rekstrarumhverfi er nauðsynlegt fyrir fyrirtæki að að skilgreina sig vel, kynna sig rétt og eiga í samskiptum við viðskiptavinum á gefandi hátt. Þetta er enn mikilvægara með tilkomu samfélagsmiðla og stafrænnar markaðssetningar þar sem sífellt erfiðara verður fyrir fyrirtæki og einstaklinga að standa út úr fjöldanum. Markmið verkefnisins er að að Önfirðingar geti leitað sér fæðikunnáttu hjá Cerro de Plata í öllu tengdu markaðssetningu vörumerkjaþróun, eins og vefhönnun, ljósmyndun, grafískri hönnun og markaðsgreiningum. Á sama tíma er vonast til að verkefnið hjálpi til við að breyta ímynd Flateyrrar sem fiskveiðiporps í fjölbreyttari stað þar sem margir koma saman og vinna að fjölbreyttum verkefnum bæði alþjóðlega og í nærsamfélaginu.

*Áhugavert verkefni þó umsókn mætti vera skýrari á köflum. Verkefnið gæti stutt atvinnulíf og skapað umsækjanda starf við hæfi.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 450.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 5 – Skautasvell - Sigurður J. Hafberg**

Markmið verkefnisins er að auka afþreyingu á Flateyri að vetri til. Skautaiðkun er mjög vinsæl þarsem hægt er að stunda hana. Þarna myndu koma saman fólk á öllum aldri; leikskólabörn, grunnskólabörn, lýðskólafólk, foreldrar, afar og ömmur. Einnig má búast við því að fólk af næstu fjörðum geri sér ferð til að njóta skemmtilegrar útiveru. Það verður gert með byggingu á skautasvelli, eldstæði og annarri aðstöðu til útiveru. Búið er að steypa upp skautasvellið, sem er 312m<sup>2</sup>. Lagnir fyrir frystikerfi eru undir steypunni þannig að hægt verði að skauta þó frost sé lítið, ef komið er upp frystikerfi og er þá gert er ráð fyrir að svellið verði í notkun frá nóvember til maí.

*Ágæt umsókn og trúverðug kostnaðaráætlun. Verkefnið hefur áður styrkt nokkuð vel en um er að ræða aðra verkþætti. Verkefnisstjórn telur að verkefnið geti haft nokkuð mikil og góð samfélagsleg áhrif og falli vel að markmiðum og reglum sjóðsins. Flott verkefni, góð og vel unnin umsókn.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 3.000.000,-

#### **ÞS - Flat. 2022 – 6 - Teikningar og rekstraráætlun fyrir stækkun á hóteli - Holt Inn ehf.**

Verkefnið felst í því að fá úr því skorið hvort það sé ávinningur í að byggja við og reka stærra hótél í Öfundarfirði og leggja aukna áherslu á vetrartímamann. Markmiðið er að hótelið verði öflugra á ársgrundvelli með tilliti til starfsmannahalds, markaðssetningar og fleira. Með fjölgun herbergja mun starfsfólk nýttast betur. Með stækkun á hótelinu væri hægt að ráða fleira starfsfólk á ársgrundvelli og auka fagmennsku og nýtingu. Með því að teikna og kostnaðarmeta ólíkar útfærslur viðbygginga, sem myndu fjölga herbergjum mismikið og stækka anddyri í leiðinni þá verða til forsendur valkostagreiningar og þar með viðskiptaáætlunar byggða á hagstæðasta kostinum.

*Góð umsókn og trúverðug kostnaðaráætlun. Ágætt verkefni sem gæti leitt til aukinnar ferðaþjónustu allt árið um kring og snúið við neikvæðri þróun í fjölda gistirýma í Önundarfirði. Verkefnið talar vel inn í aukna atvinnusköpun og fellur þar með vel að markmiðum sjóðsins.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 900.000,-*

#### **ÞS-Flat.2022 – 7 - Flateyri varanlegan reiðhjóla viðgerðastand - Tyler Wacker**

Markmið verkefnisins er að setja upp varanlegan reiðhjóla viðgerðastand til að þjóna þörfum samfélagsins og ferðamanna. Íbúar jafnt sem ferðamenn geta gert einfaldar viðgerðir á hjólum sínum, sem eykur á sjálfbærni, sjálfstæði og aðdráttarafl staðarins. Viðgerðastandurinn verður settur upp nálægt tjaldstæðinu en nákvæm staðsetning verður ákveðin í samráði við íbúa og sveitarfélagsins. Verkefnið samræmist markmiðum sveitarfélagsins til að styrkja innviði samfélagsins í þjónustu við íbúa og ferðamenn. Varanlegir reiðhjóla viðgerðastandar eru notaðir víða um allt land, en það er enginn slíkur á Vestfjörðum. Þessi uppsetning yrði því fyrsta á Vestfjörðum og styður við vaxandi reiðhjólástíga gerð á Flateyri sem og vaxandi reiðhjólaferðaþjónustu í fjórðunginum.

*Ágæt umsókn og spennandi tilraun. Gæti nýst íbúum og ferðafólki til jöfnum höndum. Verkefnið styður við í þróun hjólaferðamennsku á svæðinu. Verkefnið fellur því vel að markmiðum og reglum sjóðsins.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-*

#### **ÞS-Flat.2022 – 8 - Snjóflóðasafnið á Flateyri, Húsnæði - Verzlunin Bræðurnir Eyjólfsson**

Markmið verkefnisins er að tryggja húsnæði fyrir Snjóflóðasafn Flateyrar. Að verkefni loknu verður búið að gera þarfragreiningu, viðgerðar- viðhalds- og breytingaráætlun fyrir væntanlegt húsnæði safnsins eða teikna og hanna nýbyggingu fyrir safnið sem verður reist á Flateyri.

*Snjóflóðasafnið hefur áður hlotið veglegan styrk úr Flateyrarsjóðnum til hönnunar og undirbúningssafnsins, enda fellur verkefnið í heild sinni einstaklega vel að markmiðum og reglum sjóðsins. Umsóknin nú er þó þeim annmörkum háð að óljóst er hver kostnaður gæti orðið af því að fá húsnæði þar sem ekki liggur fyrir hvert húsnæðið verður. Raunveruleg þarfragreining fyrir húsnæði safnsins væri einnig æskileg. Styrkveiting er því skilyrt því að lausn hafi verið fundinn á húsnæðisspurningunni, áður en gengið verður til samninga.*

*Samþykkt er, með fyrirvara um að húsnæði finnist, að styrkja verkefnið um kr. 2.000.000,-*

#### **ÞS-Flat.2022 - 9 - Markaðssetning Skúrarinnar - Skúrin samfélagsmiðstöð ehf.**

Tilgangur umsóknar er að tryggja fé til frekari markaðssetningar Skúrarinnar, samfélagsmiðstöðvar á Flateyri. Markmiðið er að koma Skúrinni á kortið sem fýsilegum vinnuaðstöðukosti fyrir þá sem geta unnið hvaðan sem er, eru frumkvöðlar á ferðinni eða vinna sjálfstætt. Í raun fyrir hvern þann sem getur ímyndað sér að vinna á Flateyri til lengri eða skemmri tíma. Markaðssetning á Skúrinni er besta leiðin til að koma orðinu út og tryggja leigjendur í skrifstofurýminu og þannig efla frekari þróun Skúrarinnar. Markmiðið er því að auglýsa Skúrina innanlands en einnig erlendis fyrir frumkvöðla sem vilja vinna og ferðast á Íslandi. Til að gera þetta er ráðgert að þýða vefsíðu Skúrarinnar og gera hana aðgengilega á ensku, framleiða myndbönd, uppfæra vefsíðuna og setja upp prófíl á vefsíður sem halda utan um úrval samvinnurýma í heiminum. Þá yrði einnig sett af stað auglýsing í Google leitarvélinni.

*Umsókn var ágæt og kostnaðaráætlun líka, sem þó er nokkuð há. Markmið umsóknarinnar og styrksins munu að mestu leyti nást þótt ekki verði hægt að gera allt að þessu sinni.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-*

#### **ÞS-Flat.2022 – 10 - Ocean Adventure Center - Nicole Sühring**

Verkefnið felst í að gera viðskiptaáætlun fyrir nýja afþreyingar- upplifunamiðstöð sem beinir athyglinni að möguleikum strand- og sjávarvæðrar upplifunar, svo sem brimbrettum, Yfirborðsköfun (snorkling), kajökum og róðrabrettum (paddling board) fyrir ferðamenn, börn og íbúa. Markmiðið er að Sjávarævintýramiðstöðin tengi fólk við sjóinn og einstaka náttúru hans og hvetji fólk til eyða tíma sínum og virkni við sjávarsíðuna.

*Vel unnin umsókn og raunhæft plan um framvindu. Áhugavert verkefni sem notfærir sér styrkleika og sérstöðu Öfundarfjarðar og gæti orðið stuðningur við ferðaþjónustu og samfélag. Verkefnisstjórn telur verkefnið falla vel að markmiðum og reglum sjóðsins.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 600.000,-*

#### **ÞS-Flat.2022 – 11 - Búnaður fyrir Skúrína - Skúrin samfélagsmiðstöð ehf.**

Sótt er um styrk til að auka við tækjabúnað í Skúrinni samvinnurými og samfélagsmiðstöð á Flateyri með það að markmiði að geta boðið leigjendum Skúrarinnar upp á fullbúna skrifstofuaðstöðu til skamm- og langtímaleigu. Markmiðið er að gera Skúrína að atvinnurými fyrir fólk í störfum án staðsetninga, frumkvöðla á ferðinni og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem geta unnið hvaðan sem er, án þess að þurfa að ferðast með nauðsynlegan skrifstofubúnað með sér. Verkefnið felst því í að kaupa nauðsynlegan skrifstofubúnað, bæta netsamband og bæta búnað í fundarherbergi.

*Ágæt umsókn en kostnaðaáætlun nokkuð há. Skúrin er eina samvinnurýmið í Öfundarfirði og miðlæg við þróun starfa án staðsetningar og aðstöðu fyrir rafræna flakkara. Því mikilvægt að tryggja áframhaldandi viðgang Skúrarinnar. Markmið umsóknarinnar og styrksins munu flest nást þótt ekki verði hægt að kaupa allan búnaðin sem óskað var eftir.*

*Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 650.000,-*

#### **ÞS-Flat.2022 – 12 - Co-living in Flateyri - Leiry Seron**

Verkefnið felst í að búa til rafrænan vettvang fyrir samlífi (Co-Living) og samnýtingu húsnæðis á Flateyri og slá þannig tvær flugur í einu höggi: Bæta úr skort á húsnæði fyrir aðkomufólk og bæta nýtingu á þeim fermetrum á Flateyri sem standa lítt notaðir (t.d. hluta úr ári). Samlífi hefur verið í örri þróun alþjóðlega á meðal yngri kynslóða og velur fólk þennan kost ekki aðeins vegna þess að hann er ódýrari, heldur einnig vegna þess að fólk vill deila daglegu lífi sínu með öðrum. Í lok verkefnis verði til rafrænn vettvangur/vefsíða sem leysi að hluta húsnæðisvandamál Flateyrar og hjálpi til við að setja Flateyri á kortið sem frábæran stað til að búa á.

*Ágæt umsókn, gott upplegg og áhugavert yfirfærslugildi. Samlífi virðist vera hluti af alþjóðlegum samfélagsbreytingum og því gæti verkefnið virkað á fleiri stöðum á Vestfjörðum og haft jákvæð áhrif á aðrar deililausnir eins og t.d. samvinnurýmið Skúrína. Áhugaverð tilraun til að bregðast við vanda á húsnæðismarkaði, þó að aðeins hluti hans verði leystur með þessu móti.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 400.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 14 - Lýðskólinn á Flateyri: Miðstöð sköpunar- Lýðskólinn á Flateyri**

Sótt er um styrk til að fjármagna kaup á nýjum tækjabúnaði sem nauðsynlegur er til frekari uppbyggingar skapandi menntunar í Lýðskólanum á Flateyri. Búnaðurinn verður notaður í kennslu og skólatengd verkefni við skólann, en markmiðið er einnig að gera búnaðinn aðgengilegan einstaklingum og fyrirtækjum á Flateyri fyrir skapandi eða listræn verkefni þeirra og vonandi laða að skapandi frumkvöðla og sjálfstætt starfandi einstaklinga til vinnu og búsetu á Flateyri. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að fjárfesta í vönduðum tæknibúnaði sem uppfyllir kröfur um slíka notkun og framkvæmd skapandi verkefna.

*Ágætt umsókn en kostnaðaráætlun nokkuð há. Markmið umsóknarinnar og styrksins munu nást þótt ekki verði hægt að kaupa allan búnaðinn sem óskað var eftir. Starfsemi Lýðskólans er mikilvæg samfélaginu á Flateyri og vill verkefnisstjórn sýna stuðning með því að veita skólanum lítilsháttar styrk til verkefnisins.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 600.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 15 - Tvær stjórnur - Katrín Björk Guðjónsdóttir**

Markmið þessa verkefnis er að framleiða til sölu skartgrip sem umsækjandi hannaði í samvinnu við gullsmíðameistara. Styrknum er ætlað að standa undir stofnkostnaði. Sala á gripnum verður í samvinnu við Grensás og rennur hluti ágóðans til Grensáss allan tímann meðan skartgripurinn er framleiddur. Áætlaður árangur verkefnisins er tvíþættur, annars vegar að efla atvinnurekstur í heimabyggð þar sem rekstur verkefnisins og hluti vinnslu þess fer fram á Flateyri og hins vegar er þetta ætlað til styrktar Grensás sjúkrahúss og þess starfs sem þar fer fram.

*Góð umsókn þó kostnaðaráætlun hefði mátt vera nákvæmari. Fallegt verkefni sem er líklegt að skili árangri og skapi umsækjanda starf.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 16 - Sameiginleg þvottaaðstaða - Nemendagarðar Lýðskólans á Flateyri ses.**

Megin markmið verkefnisins er að búa til einfalda og notendavæna þvottaaðstöðu og efla tækjakost, sem að nemendur Lýðskólans á Flateyri, og aðrir þorpsbúar, gætu nýtt sér og þvegið þvottinn sinn. Til að gera aðgengilega þvottaaðstöðu að veruleika þyrfti að útvega nýjar þvottavélar, þurrkara og búnað því tengdan og setja í gamla líkhúsið við elliheimilið þar sem nú eru nemendagarðar Lýðskólans á Flateyri. Afrakstur verkefnisins verður því fullbúið þvottahús, sem rekið verður af Nemendagörðum Lýðskólans en opið almenningi.

*Ágætt verkefni sem hefur gæti nýst almenningi og ferðafólki, þótt nemendur Lýðskólans verði helstu notendur þess. Verkefnisstjórn telur að verkefnið hafi samfélagslegt gildi og falli að markmiðum og reglum sjóðsins.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 500.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 17- Eyvi kayaks – Eyvindur Atli Ásvaldsson**

Markmið þessa verkefnis er að bæta úr skorti á afþreyingu fyrir ferðamenn og heimafólk í Önundarfirði. Þessum skorti á að mæta með því að stofna fyrirtækið Eyvi kayaks en því er ætlað að sigla á kajakökum

um Önundarfjörð með áhugasama ferða- og heimamenn. Með því að bjóða upp á ferðir frá apríl og fram í október á notendavænum SOT kajökum er stuðlað að lengingu ferðamannatímabilsins og almennt rennt fleiri stoðum undir ferðamennsku á svæðinu.

*Nokkuð stóra veikleika er að finna í viðskiptaáætlun og undirbúningi verkefnisins, t.d. varðandi leyfismál, þörf fyrir starfsmannaþjálfun, markaðsgreiningu og undirbúning fyrir ferðaþjónustu. Hér er að mestu sótt um stofnkostnað fyrir rekstur sem væri í samkeppni við aðra starfsemi á atvinnusvæðinu og er því ekki styrkhæft skv. reglum sjóðsins. U.þ.b. 700 þús af verkefni (sem lúta að markaðssetningu) er þó styrkhæft en skilyrt við að kajakar verði keyptir eða leigðir til prufuferða.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 700.000,-

### **ÞS-Flat.2022 – 18 - Gráðostagerð í Önundarfirði – Hönnunarvinna - Elín Friðriksd. Fjármálastjóri fh. Ostagerðarf. Önfirðinga**

Verkefnið gengur út á að þróa Vestfirskan gráðaost byggðan á frumkvöðlastarfi Jón Guðmundssonar, sem framleiddi fyrsta íslenska gráðaostinn árið 1913 í Önundarfirði. Í þessu verkefni verður fyrst og fremst unnið að hönnun og umgjörð ostsins (þróun á osti og vinnsluaðferðum hefur áður verið styrkt af uppbyggingarsjóði Vestfjarða), en viðskiptamódelið verður byggt upp eins og smá-brugghús. Lítil framleiðsla með hámarks upplifun á staðnum. Að verkefni loknu verður öll hönnun og útlit tilbúið ásamt öðru markaðsefni. Viðskiptaáætlun klár og fyrstu hugmyndateikningar að nýju vinnsluhúsi með gestamóttöku tilbúna. Markmiðið er að verkefnið verði komið á það stig undir lok ársins 2022 að hægt verði að kynna verkefnið fyrir hugsanlegaum fjárfestum og fara af stað í framleiðslu.

*Mjög áhugavert verkefni en umsóknin frekar veik og kostnaðaráætlun nokkuð há fyrir einstaka verkþætti. Verkþættir og afurð þessa fasa verkefnisins eru ekki alveg nógu skýrir í umsókn og ekki ljóst síðan hvert stefnt verður. Því er ákveðið að styðja við gerð viðskiptaáætlunar fyrir verkefnið svo framvinda þess verði skýrari. Að öðru leyti telur verkefnisstjórn verkefnið falla vel að markmiðum og reglum sjóðsins.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 800.000,-

### **ÞS-Flat.2022 – 20 – Frisbígolfvöllur - Sigurður Grétar Jökulsson**

Markmið verkefnisins er að betrubæta núverandi frisbígolfvöll og stækka hann. Gömlu heimagerðu körfurnar yrðu annað hvort færðar og nýttar sem aukakörfur eða fjarlægðar, enda farið að sjá verulega á þeim. Nýjar körfur yrðu þá settar í staðin, og nokkrum öðrum bætt við og þar með völluminn orðinn að 9 körfu velli. Af tilefni uppfærðs vallar er svo haldið mót þar sem að aðstandendum er kennt sportið og diskar lánaðir.

*Ágæt umsókn fyrir einfalt verkefni sem getur haft jákvæð samfélagsleg áhrif og örvað ferðaþjónustu*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

### **ÞS-Flat.2022 – 21 - Board game nights and tournaments - Helen Cova**

Markmið verkefnisins er að búa til viðburði þar sem heilbrigð skemmtun tengir saman ólíkt fólk í samfélagi. Með því að halda regluleg borðspilakvöld eykst þáttaka og virkni í samfélaginu, sem og tengingar fólks

innan þess. Þá er hægt að yfirstíga hindranir á borð við aldurs- og hópamun og mynda nýjar tengingar og vinskáp.

*Ágætt umsókn en kostnaðaráætlun nokkuð há. Markmið umsóknarinnar og styrksins munu nást þótt eitthvað þurfi að skera niður. Samskonar verkefni hafa gengið vel á Þingeyri og Reykjavík.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 250.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 22 - Vöruþróun í samstarfi við Matís og nýjar umbúðir - Kalksalt ehf**

Verkefnið snýst um að þróa nýja vörutegund fyrir Kalksalt ehf í samstarfi við Matís: Lýsissteina. Bændur hafa kallað eftir lýsissteinum og Kalksalt hefur reynt að mæta þeirri eftirspurn. En lýsi þrónar hratt þegar því er blandað við salt svo fyrri tilraunir við gerð lýsissteina hafa ekki tekist. Í samstarfi við Matís er ætlunin að örhúða lýsi þannig að það þoli nærveru saltsins. Matís mun sjá um vöruþróun, ráðgjöf, mælingar og aðföng í þessu verkefni. Matís ætlar svo að lána Kalksalti örhúðunarvél svo unnt sé að þróa vöruna í húsnæði Kalksalts á Flateyri. Afrakstur verkefnisins verða tvær nýjar vörutegundir í nýjum umbúðum í stíl við vörulínu Kalksalts ehf.

*Góð umsókn fyrir spennandi vöruþróun. Verkefnið er áhugavert og líklegt til árangurs. Aðkoma Matís að vöruþróun gefur verkefninu trúverðugleika. Umbúðakostnaður er ekki styrkhæfur liður nema hönnunarpáttur og ferðakostnaður.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 3.500.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 24 - Smáspunaverksmiðja í Önundarfirði - Sigríður Júlía Brynleifsdóttir**

Sótt er um styrk til undirbúnings á uppsetningu smáspunaverksmiðju (mini wool mill) í Hjarðardal ytri. Stofnun smáspunaverksmiðju hefur það að markmiði að auka verðmæti ullar sem fellur til á svæðinu. Það verður gert með fullvinnslu ullar allt frá því hún kemur af skepnunni í unnið band sem er ætlað til handþrjóns, hekls, vélþrjóns og síðast en ekki síst, vefnaðar. Hugmyndin er að í smáspunaverksmiðju í Önundarfirði yrði unnið með Vestfirsku ull. Hún unnin og komið á markað. Með þessu móti er verið að auka verðmæti ullarinnar og vinna með hráefni úr héraði. Ein smáspunaverksmiðja af þeirri stærðargráðu sem um ræðir (miðað við þær sem fyrir eru á landinu) gæti staðið undir allt að fjórum ársverkum skv. upplýsingum frá rekstraraðilum smáspunaverksmiðja sem fyrir eru.

*Góð umsókn og hógvæð kostnaðaráætlun. Mjög áhugavert verkefni sem færir sér í nyt vannýttu auðlind í heimahéraði. Verkefnið gæti stutt bæði sauðfjárrækt og ferðamennsku auk þess að vera líklegt til árangurs í sjálfu sér.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000,-

#### **ÞS-Flat.2022 – 26 - Endurnýjun sextán söguskilta á Flateyri - Félagið Hús og fólk**

Vorið 2009 var lokið vinnu við að koma upp 16 skiltum víðs vegar um Flateyri með teikningum eftir Ómar Smára Kristinsson og stuttum texta á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku. Á þeim rúmlega áratug sem liðinn er síðan skiltin voru sett upp hefur sólarbirta skemmt hinn prentaða hluta þannig að á

skiltunum sem snúa að sólu er nú hvorki hægt að lesa textann né skoða teikningarnar þar sem texti og mynd eru orðin dauf og óskýr. Markmið með umsókn í Flateyrarsjóð nú er að endurnýja skiltin, þ.e. prentaða efnið á þeim og lagfæra tvö skilti. Þegar skiltin sextán hafa verið endurnýjuð verða þau sem fyrr liður í að miðla til þeirra sem sækja þorpið heim fróðleik um líf og störf þorpsbúa frá því að land var numið.

*Ágætt verkefni og umsókn. Skiltin setja svip á umhverfið og hafa jákvæð áhrif ferðaþjónustu og staðarstolt. Nauðsynlegt samfélagslegt verkefni að halda þeim við.*

Samþykkt er að styrkja verkefnið um kr. 650.000,-

Verkefnisstjórn vill hér með óska öllum styrkþegum til hamingju með styrkina og væntir mikils af samstarfinu.

F.h. úthlutunarnefndar

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir